



Garðabær
Tækni og umhverfissvið

Eysteinn Haraldsson bæjarverkfræðingur

Garðabæ 26. október 2020

Upplýsingar um færanlega loftgæðastöð.

Í framhaldi af erindi okkar frá 21. október s.l. eru hér nánari upplýsingar um gerð og kostnað við færanlega loftgæðastöð.

Færanleg loftmælistöð.

Með rekstri tveggja mælistöðva og með því að fylgjast með mæligildum úr öðrum mælistöðvum bæði á svæði nefndarinnar sem og stöðva í Reykjavík hefur Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis um árabíl samnýtt búnað og mæligögn til vöktunar á loftgæðum fyrir íbúa bæjarfélaganna þriggja. Loftgæði eru góð en það er vitað að stofnbrautir í gatnakerfinu eru uppsprettur rykmengunar. Aðeins hluti þeirra er á ábyrgð bæjarfélaganna því Vegagerðin ber ábyrgð á umferðar-mestu stofnbrautunum.

Færanleg mælistöð myndi nýtast til að vakta rykmengun frá helstu stofnbrautum sem liggja um bæjarfélögin. Með mælistöð væri hægt að vakta gæði og þörf hreinsunar og þróa góðar og hentugar aðferðir við gatnaþrif og við að beita rykbindiefnum í baráttunni við að lágmarka rykmengun.

Færanleg mælistöð þarf að hafa rykmæli, hliðstæða þeim rykmæli sem er í Dalsmára. Einnig þarf að vera í stöðinni NO_x-mælir og veðurstöð. En megin uppspretta NO_x-efna er frá umferð og styrkur þeirra hefur því miður farið vaxandi á höfuðborgarsvæðinu.

Þá er æskilegt að í stöðinni væri mælir sem gæti mælt brennisteinssambönd, þ.e. bæði H₂S og SO₂. Komi til eldgosa líkt og í Holuhrauni er afar mikilvægt að geta farið með slíkan mæli sem víðast um eftirlitssvæðið og eins til að bregðast við ef vandamál koma upp í rekstri Hellisheiðavirkjunar.

Heilbrigðiseftirlitið mun leita sérstaklega til Garðabæjar um aðkomu að kaupum á færanlegri loftgæðamælistöð.

Kostnaður við færanlega loftgæðastöð

Faxaflóahafnir keyptu sambærilega stöð á vormánuðum og var kostnaður við þá stöð um 13 milljónir. Þá er eftir að útbúa „búr“ utan um stöðina, en reiknað er með að hún verði hífið á pallbíl og flutt milli staða. Annar möguleiki er að hafa hana á hjólum og smíða sérstakan vagn fyrir stöðina, en það er mun dýrara og að okkar mati óþarfi, þar sem hún er í notkun á sama stað í nokkurn tíma hverju sinni.

Sjá mynd á næstu síðu.

